

# Leiðbeiningar til læknis við slysa sjálfsinndælingu af fiskabóluefni



## TIL LÆKNIS

*ASkjótt viðbragð er mikilvægt til að koma í veg fyrir varanlegar skemmdir. Sjálfsinndæling með fiskabóluefni, jafnvel í litlu magni, getur valdið miklum verkjum, bólgu og í sjaldgæfum tilfellum vefjadrepi, sem getur í einstaka tilfellum leitt til fingurmissis. Læknir ætti tafarlaust að meta svæðið sem um ræðir og ef þörf krefur, skera í og skola stungustað.*



HALDA ÁFRAM >>

# FYRSTA HJÁLP – VERKLAGSREGLUR

## 1 Bráðamat

Svæðið sem um ræðir þarf að skoða strax af heilbrigðisstarfsmanni með sérfræðipekkingu í skurðlækningum.

## 2 Áhættumat fyrir aðgerð

Ítarlegt mat skurðlæknis skal fara fram áður en skurðaðgerð er framkvæmd.

## 3 Opnun og hreinsun

Ef bóluefni hefur verið sprautað, sérstaklega í fingur eða mjúkvefi, þarf að opna svæðið og tæma það með skurðaðgerð.

## 4 Yfirborðsskrámur

Ef nál hefur aðeins rispað húðina án innsprautunar, getur staðbundin bólga myndast. Læknir þarf að meta og ákveða viðeigandi meðferð.

## 5 Eftirfylgni

Sjúklingur skal fylgjast vel með aðgerðarsvæði eftir aðgerð til að meta þörf á frekari meðhöndlun.

**HALDA ÁFRAM >>**

# INNIHALD BÓLUEFNIS OG ÁHÆTTA

## Olíubundin fiskabóluefni innihalda

- Formalín-óvirkjaðar bakteríu-/veiruantigena.
- Paraffinolíu sem hjálparefni.



**Venjulegur skammtur: 0,025–0,1 ml, oftast sprautað í kviðarhol fisks. Við óviljandi sjálfsinndælingu getur sá sem framkvæmir bólusetningu fengið allan skammtinn sprautaðan, oftast í hönd eða fingur.**



**HALDA ÁFRAM >>**

# ALVARLEGAR AFLEIÐINGAR

- **Hætta á vefjadrepi og fingurmissi:** Paraffinolia getur valdið alvarlegum vefjaskemmdum. Skurðaðgerð (skera í og skola) er nauðsynleg.
- **Líkamleg einkenni:** Staðbundnir verkir, bjúgur, eitlabólga í handlegg, hiti, ógleði og uppköst.
- **Ofnæmislost (sjaldgæft):** Meðhöndla skal strax samkvæmt stöðluðum leiðbeiningum. Öll tilfelli þar sem grunur leikur á ofnæmislosti skal rannsaka og tilkynna.

**Athugið:** Ekki er nægilegt að meðhöndla eingöngu með sýkla- og bólgueyðandi lyfjum. Stífkramprasprauta er ekki nauðsynleg.

**Mat skurðlækni er óhjákvæmilegt.**

## MUNIÐ!

Undantekningalaust er þörf á sérfræðingi í skurðlækningum samstundis, til að meta þörf á meðhöndlun, þegar starfsmaður lendir í að sprauta sig fyrir slysi með fiskabóluefni.